

STJÓRNARTÍÐINDI B 12 — 1970

24. nóvember 1970.

695

Nr. 259.

AUGLÝSING

um hámarkshraða ökutækja í Kópaskerskaupþúni.

Hámarkshraði ökutækja í Kópaskerskaupþúni skal vera 35 km á klst.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 50. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. nóvember 1970.

Auður Auðuns.

Ólafur W. Stefánsson.

24. nóvember 1970.

Nr. 260.

REGLUR

um auðkenni blindra.

1. gr.

Heimilt er blindum og mjög sjóndöprum mönnum að auðkenna sig í umferð með því að bera borða um vinstri handlegg fyrir ofan olnboga. Borðinn skal vera a. m. k. 8 cm breiður, gulur að lit með þremur svörtum deplum, er mynda þríhyrning.

Blindum mönnum er og heimilt að auðkenna sig með því að bera göngu- eða þreifistaf með hvítu endurskini.

2. gr.

Skylt er að sýna sérstaka varúð gagnvart þeim, sem eru á ferð og bera framangreind merki blindra.

Blindur maður eða sjóndapur skal rétta fram hægri hönd eða slá niður staf sínum, ef hann æskir aðstoðar vegfarenda og er þá skylt að aðstoða hann.

Blindur maður eða sjóndapur, sem óskar að komast yfir götu, gefur það til kynna með því að rétta fram höndina eða stafinn og er þá ökumönnum skylt að taka tillit til hans og nema staðar, ef nauðsynlegt er.

3. gr.

Óheimilt er öðrum en þeim, sem um ræðir í 1. gr., að bera merki blindra.

4. gr.

Reglur þessar, sem eru settar samkvæmt 37. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi þegar í stað.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. nóvember 1970.

Auður Auðuns.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

fyrir Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi.

I. KAFLI

Tilgangur skólans, inntökuskilyrði, námstími og stjórn hans.

1. gr.

Skólinn heyrir undir landbúnaðarráðuneytið. Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn hans og skólabúsins.

2. gr.

Tilgangur skólans er að veita garðyrkjumönnum sérfræðslu, bæði í skrúðgarðyrkju, gróðurhúsagarðyrkju og í almennri garðrækt.

Enn fremur að gera ýmsar tilraunir og athuganir með ræktun garðjurta, bæði við venjuleg skilyrði og í gróðurhúsum, í sambandi við kennsluna.

Garðyrkjuskóli ríkisins á Reykjum í Ölfusi er enn fremur samkvæmt reglugerð um iðnfræðslu, sbr. 48. gr. laga nr. 68 frá 11. maí 1966, sériðnskóli fyrir skrúðgarðyrkjunema, og um þau atriði, sem þessi reglugerð nær ekki yfir í því sambandi, vísast til ofangreindrar reglugerðar um iðnfræðslu.

3. gr.

Í skólanum skal fara fram bæði bókleg og verkleg kennsla.

Þeir, sem stunda fullnaðarnám við skólann, skulu njóta bóklegrar kennslu í 3 vetur á tímabilinu 1. nóvember til 1. marz skólaár hvert, alls í 12 mánuði.

Enn fremur skulu nemendur stunda verknám við skólann í 1½ mánuð eftir 1. og 2. bekk, alls í 3 mánuði.

Að öðru leyti skulu gróðurhúsagarðyrkjunemar og nemendur í almennri garðrækt vinna við skólann eða á viðurkenndum garðyrkjubúum undir handleiðslu garðyrkjumanns. Skrúðgarðyrkjunemar skulu vera á verknámssamningi hjá starfandi skrúðgarðyrkjumeistara samkvæmt ákvæðum iðnfræðslulöggjafarinnar.

Verknámsskennslu skal annars aðallega þannig fyrir komið:

1. Allt að tveggja ára verknám fyrir þá, sem vilja verða fullnuma í garðrækt.
2. Allt að fjögurra mánaða námskeið fyrir byrjendur.
3. Allt að fjögurra mánaða námskeið fyrir fullnuma garðyrkjunema.
4. Allt að mánaðar námskeið í matreiðslu og hagnýtingu grænmetis.

4. gr.

Verknámsskennsla við fullnaðarnám má hefjast á ýmsum tímum árs, eftir því sem ástæður og rúm leyfir. Fyrstu 3 mánuðina skal skoða sem reynslutíma, þegar um byrjendur er að ræða og skal skólastjóri og kennarar að þeim tíma liðnum ákveða, hvort nemandinn telst fær um að halda áfram námi.